

Árshlutauppgjör Origo F1 2021

EBITDA 301 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021

Helstu fjárhagsupplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 4.174 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021 (2,4% tekjusamdráttur frá F1 2020) [F1 2020: 4.277 mkr]
- Framlegð nam 1.094 mkr (26,2%) á fyrsta ársfjórðungi 2021 [F1 2020: 1.050 mkr (24,6%)]
- EBITDA nam 301 mkr (7,2%) á fyrsta ársfjórðungi 2021 [F1 2020: 237 mkr (5,5%)]
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé voru neikvæðir um 18 mkr á fyrsta ársfjórðungi [F1 2020: +460 mkr]
- Heildarhagnaður nam 163 mkr á fyrsta ársfjórðungi [F1 2020: 425 mkr]
- Eiginfjárhlutfall er 58,6% en var 56,5% í lok árs 2020
- Veltufjárhlutfall er 1,20 en var 1,27 í lok árs 2020

Helstu fréttir úr starfsemi:

- Origo keypti 100% hlut í netöryggisfyrirtækinu Syndis ehf.
- Origo fjárfesti í 30% eignarhlut í tæknifyrirtækinu Datalab
- 44% vöxtur í sölu á eigin hugbúnaði
- Áframhaldandi vöxtur á notendabúnaði þrátt fyrir vöruskort
- Stærsti fjórðungur í sögu Tempo

Jón Björnsson forstjóri Origo hf:

„Fyrsti fjórðungur 2021 kemur ágætlega út fyrir félagið. Samanburður við fyrra ár er vissulega erfiður sökum breytinga í efnahagslífinu, sem urðu á sama fjórðungi síðasta árs. Fjórðungurinn endar 2,4% undir veltu síðasta árs sem skýrist eingöngu af lítilli innviðasölu miðað við síðasta ár þegar fyrirtækið gekk frá stórum söllum til gagnavera. Tekjur annarra þátta eru hins vegar að vaxa. Rekstrarafkoma er góð en félagið skilar 10% hærrí EBITDA en á 1F 2020 og afkomulega séð besta 1F í þrjú ár. Sá árangur byggir að mestu leyti á tekjusamsetningu og lægri rekstrarkostnaði. Þá er ánægjulegt að sjá frábæran árangur hjá Tempo.

Origo hefur keypt 100% hlut í Syndis, einu fremsta og mest spennandi netöryggisfyrirtækis landsins. Með kaupnum munu öryggislausnir Origo og Syndis sameinast undir vörumerki Syndis. Markmiðið með kaupnum er að taka tvær sterkar einingar sem bæta hvora aðra upp og hafa verið á fleygiferð í netöryggismálum. Með þessum kaupum skipum við okkur fremst í flokki innan öryggismála í stafrænum heimi hérlendis. Við sjáum þetta sem sterka einingu sem býður heildstæða stafræna öryggisþjónustu og ráðgjöf. Origo hefur um árabíl byggt upp öflugt sérfræðingateymi í öryggislausnum sem er með sterkt bakland birgja. Ljóst er að sá hópur sem verður hluti af Syndis muni stækka lausnaframboðið og þekkingu til muna á einum mest stækkandi markaði innan upplýsingatækni. Við munum geta boðið sólarhringsvöktun á kerfum, aukna netöryggisþjónustu og ráðgjöf í skýjaþjónustu ásamt því að framkvæma öryggisprófanir, kóðarýni og fræðslu fyrir starfsfólk og sérstök námskeið fyrir forritara. Syndis mun jafnframt leitast við að efla nýsköpun í formi þróunar á aðferðum til að fylgjast með UTumhverfi viðskiptavina, áhættugreina ytra umhverfi og veita ráðgjöf til að aðstoða fyrirtæki sem þurfa að uppfylla hlítungum.

Origo hefur einnig keypt 30% hlut í tæknifyrirtækinu DataLab, sem þróar lausnir sem byggja á gervigreindartækni og veitir ráðgjöf um hagnýtingu slíkra lausna. Markmið með kaupum í DataLab er að efla þjónustu á gagnadrifnum og snjöllum lausnum, þar sem fjölbreytt gögn og aðferðir úr smíðju gervigreindar og gagnavísinda eru nýttar til að sjálfvirknivæða viðskiptaferla, bæta upplifun notenda, auka sölu, draga úr óvissu, áhættu og kostnaði og auka skilvirkni í rekstri.

Kaupin á Syndis og fjárfestingin í Datalab eru hluti af þeim breytingum sem við erum að gera í rekstrarþjónustu Origo. Miklar breytingar hafa orðið á UT umhverfi fyrirtækja með aukinni sókn hugbúnaðar í skýið og minni áherslu á eigin gagnaver. Það hefur breytt eðli innviðasölu og eru þær nú töluvert færri en áður en að sama skapi stærri þegar þær koma. Rekstrarumhverfið er að breytast og fyrirtæki hafa í auknum mæli meiri þörf fyrir viðtækari þjónustu í kringum hvernig þau vinna í fjölbreyttara umhverfi; hvernig þau nýta gögn og hvernig þau gæta að öryggi gagna og reksturs. Origo leggur áherslu á að geta tekið við þjónustu og rekið hana fyrir viðskiptavini, hvort sem hún er hýst á Íslandi eða hjá erlendum skýjum.

Origo vinnur að því að gera slíka þjónustu enn betri og hagkvæmari. Fjárfesting okkar í eigin innviðum er á lokametrum og getum við nú boðið íslenskum fyrirtækjum landfræðilegan aðskilnað kerfa og gagna, tvöfalda uppsetningu á milli kerfissala auk þess að reka og vakta þjónustu viðskiptavina í skýinu. Samhliða því sjáum við tækifæri í nýtingu á grænni orku, uppbyggingu sem hefur átt sér stað í gagnaverum innanlands og aukinni eftirspurn eftir HPC reikniþyrpingum. Við erum að stíga skref í þá átt að bjóða slíka þjónustu til viðskiptavina innanlands sem utan.

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 29. APRÍL 2021
origo.is/um-origo/fjarfestar/

Á hugbúnaðarsviðum félagsins er viðvarandi vöxtur. Origo er sterkt í viðskiptahugbúnað frá þriðja aðila og hefur bætt sig í þróun eigin lausna innan viðskiptahugbúnaðar eins og SAP, SAP S/4Hana og Microsoft Business Central. Félagið brýtur nú nýtt blað í sögu sinni með því að setja á fyrsta fjórðungi þrjár eigin hugbúnaðarvörur fyrir Business Central á markaðstorg Microsoft og væntir þess að bæta við einni nýrri á öðrum ársfjórðungi. Í eigin hugbúnaði, sem er nokkuð vel skilgreindur í kringum heilbrigðismarkaðinn, mannauðslausnir, gæðakerfi og lausnir fyrir ferðaþjónustu, hefur gengið vel en um 44% aukning er í tekjum milli ára. Mesti vöxturinn er innan sprotahlutans, eða 68%, en þar eru sex mismunandi lausnir á nokkuð breiðu þroskastigi. Almennt séð var verkefnisstaða góð á 1F og vel hefur tekist til að við vinnu er tengist endurskipulagningu sölu- og markaðsstarfs og samhæfingar þátta er lúta að markaðsstarfi og hvernig við vinnum með okkar kjarnasvið.

Sala og áherslur Origo í notendabúnaði heldur áfram jákvæðri vegferð á þessu ári. Notendabúnaður skilar 5% aukningu ofan á 38% aukningu s.l. ár þrátt fyrir töluverðar áskoranir á innkaupahliðinni, en verulegur vöruskortur hefur verið á vélbúnaði vegna skorts á örgjörvum í heiminum. Origo er með áherslusvið sem snýr að stafrænni skrifstofu þar sem viðskiptavinir geta treyst því að fá heildarlausn, ráðgjöf og þjónustu í nútímaumhverfi. Innan þess má nefna fjarfundalausnir, snjallheimilið og snjallskrifstofuna. Fjárfesting Origo í afgreiðslutengdum lausnum er farin að hafa jákvæði áhrif á rekstur félagsins enda margar lausnir sem eru í mikilli eftirspurn þegar fyrirtæki leggja meiri áherslu á hagræðingu og stafrænt viðmót. Hér má nefna vörur eins og sjálfsafgreiðslukerfi, biðraðakerfi, skanna og rafræna hillumiða.

Hjá Tempo var fyrsti ársfjórðungur 2021 stærsti fjórðungur sem fyrirtækið hefur séð. Breytingar á skilmálum Atlassian markaðstorgsins, sem fólu í sér að Atlassian er hætt að selja hefðbundin hugbúnaðarleyfi og einblínir á stuðning við gagnaver og skýjalausnir, höfðu mjög jákvæð áhrif á sölu á fyrsta ársfjórðungi. Ekki er búist við sama vexti í öðrum ársfjórðungi. 32% tekjuvöxtur var á fyrsta ársfjórðungi og 43% EBIDTA vöxtur. Fyrirtækið stendur mjög vel fjárhagslega og unnið er markvisst að stöðugum umbótum á eiginleikum varanna og sjálfvirknivæðingu en Tempo stefnir að því að vera leiðtogi á sviði stafrænna tímaskráninga og ná einnig frekari fótfestu utan Atlassian markaðstorgsins. Félagið bætti við sig töluvert af starfsfólki á fyrsta ársfjórðungi og langri leit að forstjóra lauk með ráðningu Mark Lorian, en hann er með mjög sterkan bakgrunn í rekstri fyrirtæki á borð við Tempo. Mark hefur mikla reynslu af sölu hugbúnaðar og tæknilausna auk þess að hafa reynslu að því að stýra stækkandi hugbúnaðarfyrirtæki.

Origo tók fyrstu skref í að skerpa samfélagslegar áherslur Origo á seinni hluta síðasta árs og ljóst að félagið getur gefið mikið af sér þegar kemur að jafnrétti kynjanna, eflingu nýsköpunar, umhverfismálum, heilsu og vellíðan starfsfólks. Félagið hefur sett sér markmið í sjálfbærnimálum og mun reglulega fylgja eftir þeim mælingum sem það notar við að ná frekari árangri á þessu sviði. Origo stefnir að auknum hlut kvenna í tæknistörfum og af 25 nýráðningum 2021 eru 52% konur.

Origo á von á ágætu framhaldi af fyrsta fjórðungi inn á annan fjórðung ársins. Áframhaldandi vinna félagsins í að gera einingar sjálfstæðari og vinna í auknum sveigjanleika og hagræðingu er ætlað að skila sterkara fyrirtæki og bættum rekstri. Með markvissri nálgun í sölu- og markaðsmálum munum við ná að nýta þá stærðarhagkvæmni sem félagið hefur yfir að ráða og byggja betur undir sterka stöðu okkar sem þjónustufyrirtæki með framtíð í að hjálpa fyrirtækjum og einstaklingum að takast á við og nýta sér tækifærin í tækni og þeim breytingum sem stafrænt umhverfi hefur fram að færa. Framundan er töluvert af stórum og spennandi umbreytingarverkefnum í umhverfinu ásamt því að við erum vongóð að verkefni tengd ferðaiðnaðinum fari í gang á næstu mánuðum. Samhliða þessu erum við mjög spennt fyrir verkefnum í upplýsingaöryggi og teljum það vera lykilatriði að hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að auka öryggisvitund þeirra og hlúa að stafrænum öryggismálum, ekki síður en þau huga að öðrum öryggismálum sínum.“

Rekstrarreikningur

Í milljónum ISK	1.1.-31.3. 2021	1.1.-31.3. 2020	%
Seldar vörur og þjónusta	4.174	4.277	-2,4%
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.079)	(3.227)	-4,6%
Framlegð	1.094	1.050	4,2%
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	26,2%	24,6%	
Rekstrarkostnaður	(986)	(983)	0,3%
Rekstrarhagnaður	108	68	59,8%
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	2,6%	1,6%	
Hrein fjármagnsgjöld	(16)	(126)	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	103	11	
Tekjuskattur	(14)	12	
Hagnaður (tap) tímabilsins	181	(35)	
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(18)	460	
Heildarhagnaður tímabilsins	163	425	
EBITDA	301	237	
<i>EBITDA%</i>	7,2%	5,5%	

- Sala á vöru og þjónustu nam 4.174 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021 samanborið við 4.277 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2020 sem er 2,4% lækkun frá fyrra ári. Tekjuvöxtur er í Hugbúnaði og tengdri þjónustu sem og Notendabúnaði og tengdri þjónustu en samdráttur í tekjum í Rekstrarþjónustu og innviðum
- Framlegð nam 1.094 mkr (26,2%) á fyrsta ársfjórðungi 2021 samanborið við 1.050 mkr (24,6%) á fyrsta ársfjórðungi 2020
- Rekstrarkostnaður nam 986 mkr (23,6%) á fyrsta ársfjórðungi 2021 samanborið við 983 mkr (23,0%) á fyrsta ársfjórðungi 2020
- EBITDA nam 301 mkr (7,2%) á fyrsta ársfjórðungi 2021 samanborið við 237 mkr (5,5%) á fyrsta ársfjórðungi 2020
- Hrein fjármagnsgjöld námu 16 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021 samanborið við 126 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2020. Á fyrsta ársfjórðungi 2020 var 100 mkr gengistap.
- Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga Origo, var 103 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021 en var 11 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2020
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé voru neikvæðir um 18 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021 en jákvæðir um 460 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2020, en þýðingarmunur vegna Tempo skýrir þennan mismun.
- Heildarhagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2021 nam 163 mkr en nam 425 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2020.

Efnahagsreikningur

Í milljónum ISK	31.03.2021	31.12.2020
Fastafjármunir	8.230	8.028
Veltufjármunir	4.019	4.336
Eignir samtals	12.249	12.364
Eigið fé	7.176	7.012
Langtímaskuldir	1.727	1.945
Skammtímaskuldir	3.346	3.406
Eigið fé og skuldir samtals	12.249	12.364
Veltufjárhlutfall	1,20	1,27
Eiginfjárhlutfall	58,6%	56,5%

- Fastafjármunir hækkuðu um 202 mkr á fyrsta ársfjórðungi. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun í óefnislegum eignum og hærri eignarhlut í hlutdeildarfélagi.
- Veltufjármunir lækkuðu um 317 mkr á fyrsta ársfjórðungi. Lækkunin skýrist að mestu af lægri stöðu viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna.
- Eigið fé hækkaði um 163 mkr á fyrsta ársfjórðungi.
- Vaxtaberandi langtímaskuldir lækkuðu um 45 mkr á fyrsta ársfjórðungi
- Skammtímaskuldir hækkuðu um 60 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021
- Eiginfjárhlutfall er nú 58,6% en var 56,5% í lok árs 2020
- Veltufjárhlutfall er nú 1,20 en var 1,27 í árslok 2020

Sjóðstreymi

Í milljónum ISK	1.1.-31.03.2021	1.1.-31.03.2020
Handbært fé frá rekstri	415	295
Fjárfestingarhreyfingar	(267)	(88)
Fjármögnunarhreyfingar	(125)	(135)
Hækkun á handbæru fé	23	72
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(12)	2
Handbært fé í ársbyrjun	1.173	826
Handbært fé í lok tímabilsins	1.184	900

- Handbært fé frá rekstri nam 415 mkr í lok fyrsta ársfjórðungs 2021 samanborið við 295 mkr í lok fyrsta ársfjórðungs 2020
- Fjárfestingahreyfingar námu 267 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021 samanborið við 88 mkr á sama tímabili árið 2020. Mismunur skýrist að mestu af fjárfestingum í rekstrareiningum og hlutdeildarfélagi á fyrsta ársfjórðungi 2021
- Fjármögnunarhreyfingar námu 125 mkr á fyrsta ársfjórðungi árið 2021 samanborið við 135 mkr á sama tímabili árið 2020
- Handbært fé hækkar um 23 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok fyrsta ársfjórðungs 2021 var 17.987 mkr., lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 41,35 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. mars 2021 voru 435 milljónir og voru hluthafar 565 talsins.

Kynningarfundur þann 30. apríl 2021

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjörnsins verður haldinn, föstudaginn 30. apríl. Á fundinum kynna stjórnendur rekstur og afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 08:30 og fer fram í gegnum fjarfundabúnað, en einnig verður hægt að fylgjast með netstreymi af fundinum.

Skráning fer fram hér: <https://www.origo.is/fjarfestakynning>

Fjárhagsdagatal

26. ágúst 2021	Árshlutauppgjör F2 2021
21. október 2021	Árshlutauppgjör F3 2021
27. janúar 2022	Árshlutauppgjör F4 2022
3. mars 2022	Aðalfundur Origo

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Origo hf. þann 29. apríl 2021. Uppgjör Origo hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Origo hf.

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Hlutabréf Origo hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu ORIGO.

Nánari upplýsingar

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@origo.is og Jón Björnsson, forstjóri í síma 693-5000 eða jb@origo.is

Til athugunar fyrir fjárfesta

Origo veur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.